

## 646. fundur

Fimmtudaginn 24. maí 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR  
Benedikt S. Benediktsson, FJR  
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR  
Elísabet Anna Jónsdóttir ANR  
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lögð fyrir fundargerð 645. Staðfest.
2. Tekið var til framhaldsumræðu staða markaðarins á kartöflum. Kannað hefur verið birgðamagn hjá kartöflubændum á Norðurlandi, Þykkvabæ og Hornafirði í átta vikur. Ákveðið var á grundvelli fenginna upplýsinga og með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 að senda eftirfarandi drög að reglugerð að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
<b>Tollskrárnúmer.:</b>			kg	%	kr./kg
0710.1000	Kartöflur	04.06.-30.06.18	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á kartöflum. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú að innlend framleiðsla getur ekki annað markaðinum og telst því framboð ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.